


VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar — apríl 2020

Mikil aukning atvinnuleysis í apríl

Atvinnuleysi jókst mjög mikið í aprílmánuði þegar flestir þeirra sem skráðu sig í minnkað starfshlutfall í kjölfar covid faraldursins, eða 33.637 manns alls, komu af fullum þunga inn í atvinnuleysistölu. Heildaratvinnuleysi fór í **17,8%** samanlagt, þ.e. **7,5%** atvinnuleysi í almenna bótakerfinu og **10,3%** vegna minnkaða starfshlutfallsins. Atvinnuleysið í almenna kerfinu jókst úr 5,7% í 7,5% og vegna minnkaða starfshlutfallsins úr 3,5% í 10,3%.



Í almenna bótakerfinu voru 16.443 einstaklingar atvinnulausir í lok aprílmánaðar og 32.800 í minnkaða starfshlutfallinu, eða samtals 49.243 manns. Meðalbótahlutfall þeirra sem voru í minnkuðu starfshlutfalli var um 59,6%. Alls voru um 6.350 fyrirtæki að baki þeim 33.637 sem komu á atvinnuleysisskrá í apríl. Atvinnuleysi þeirra sem eru í minnkuðu starfshlutfalli er í mun meira mæli bundið við ferðaþjónustu heldur en þeirra sem eru í almenna bótakerfinu.

Hópuppsagnir

Alls var um 5.800 manns sagt upp í hópuppsögnum í mars og apríl hjá um 85 fyrirtækjum. Stór hluti þeirra sem sagt var upp í apríl var áður kominn á minnkað starfshlutfall, m.a. nálægt 2.000 manns sem sagt var upp hjá Icelandair. Þeir einstaklingar munu því vinna uppsagnarfrest næstu mánuði, og mun hluti þeirra að öllum líkindum koma inn á atvinnuleysisskrá þegar líður á sumarið, flestir í ágúst.

Um 85% þessara hópuppsagna er í flugsamgöngum og ferðaþjónustu og um 95% þeirra sem sagt var upp eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum.

Atvinnuleysið lækkar í maí

Gert er ráð fyrir að atvinnuleysi minnki nokkuð í maí. Lækkunin stafar af því að allmargir eru að fara úr hlutabótaleiðinni, annars vegar aftur í starf, eða hefur verið sagt alfarið upp störfum. Þannig voru um 7.500 manns af þeim nálægt 34.000 sem höfðu verið samþykktir í hlutabótaleiðinni farnir aftur úr henni þann 15. maí, en það samsvarar ríflega 2% lækkun atvinnuleysis. Áætlað er að um helmingur þeirra sé að fara til baka í sitt fyrra starf, en um helmingi hefur verið sagt upp störfum. Gera má ráð fyrir frekari fækkun í hlutabótaleiðinni eftir því sem líður á maí. Lítið er orðið um nýskráningar í úrræðið.

Nýskráningar í almenna bótakerfið það sem af er maí eru mun færri en sömu daga aprílmánaðar og má gera ráð fyrir að almennt atvinnuleysi í maí minnki lítið eitt enda er töluvert um afskráningar líka úr hópi þeirra sem verið hefur á bótum. Heilt yfir er því gert ráð fyrir að atvinnuleysi í maí lækki úr 17,8% í tæplega 15% í maímánuði. Hluti þeirrar lækkunar er þó tengt því að fólki hefur verið sagt upp og fer af hlutabótaleiðinni á uppsagnarfrest. Því má gera ráð fyrir að allmargir úr

þeim hópi muni koma á atvinnuleysisbætur þegar líður á sumarið.


Atvinnuástand eftir svæðum

Staðan verst á Suðurnesjum

Atvinnuleysi fór í **25,2%** á Suðurnesjum í apríl og fór úr 14,1% í mars. Það skiptist þannig að almennt atvinnuleysi er 11,2% og atvinnuleysi sem tengist minnkaða starfshlutfallinu er 14,0%. Atvinnuástand á Suðurnesjum er sýnu verst á landinu enda hefur flugstarfsemi og ferðapjónusta meira vægi í atvinnulífi Suðurnesja en í öðrum landshlutum.

Næst mest er atvinnuleysið á höfuðborgarsvæðinu, 18,7%, sem er nokkru yfir landsmeðaltali. Annars staðar á landinu er atvinnuleysi talsvert minna, mest á Suðurlandi 16,1%, þá 15,0% á Norðurlandi eystra, á bilinu 11,4-12,5% á Vesturlandi, Vestfjörðum og á Austurlandi, en minnst á Norðurlandi vestra, 8,8%.


Próun atvinnuleysis eftir landsvæðum



Sjá má að bæði almenna atvinnuleysið og atvinnuleysi vegna minnkaða starfshlutfallsins er hæst á Suðurnesjum. Sama er að segja um höfuðborgarsvæðið, þar er bæði almenna atvinnuleysið og það sem tengist minnkaða starfshlutfallsins næsthæst. Utan suðvesturhornsins er almenna atvinnuleysið hæst á Norðurlandi


eystra og því næst á Suðurlandi. Utan suðvesturhornsins er atvinnuleysi vegna minnkaða starfshlutfallsins hins vegar mest á Suðurlandi og því næst á Norðurlandi eystra og á Austurlandi. Atvinnuleysi er lægst á Norðurlandi vestra bæði hvað varðar almenna atvinnuleysið og það sem tengist minnkaða starfshlutfallinu.

Skipting atvinnuleysis í almennt og minnkað



Atvinnuleysi er nokkru meira meðal kvenna en karla á Suðurnesjum, eða 27,9% hjá konum á móti 23,6% hjá

Atvinnuleysi eftir kyni og landsvæðum



körllum. Atvinnuleysið er á hinn bóginn hærra meðal karla en kvenna á höfuðborgarsvæðinu. Sama gildir um Vestfirði, þar er atvinnuleysið meira meðal karla en annars staðar á landinu er það hærra meðal kvenna.

Minnkað starfshlutfall

Heildar fjöldinn yfir 33.000

Alls fengu **33.637** einstaklingar greiddar bætur í aprílmánuði vegna minnkaðs starfshlutfalls og **32.800** þeirra voru í minnkuðu starfshlutfalli í lok mánaðarins. Allflestir voru skráðir í minnkaða starfshlutfallið allan mánuðinn og var meðal bótahlutfallið 59,6%.



Atvinnuleysi vegna þeirra sem skráðir voru í minnkað starfshlutfall í apríl reiknast **10,3%** og kemur til viðbótar almennu atvinnuleysi upp á 7,5%. Hæst er hlutfall atvinnuleysis sem tengist minnkuðu starfshlutfalli 14,0% á Suðurnesjum, 10,7% á höfuðborgarsvæðinu og 10,1% á Suðurlandi. Gert er ráð fyrir að atvinnuleysi vegna minnkaðs starfshlutfalls lækki í um 7-8% í maí og komi þá til viðbótar almennu atvinnuleysi nálægt 7%.

þyngst. Um 18% starfa í iðnaði, byggingariðnaði, sjávarútvegi og landbúnaði. Um 13% eru starfandi í ýmis konar þjónustustarfsemi á almennum markaði, s.s. sérfræðiþjónustu, upplýsingatækni og útgáfustarfsemi. Þá eru 11% starfandi í menningar- og félagastarfsemi auk opinbers rekstrar og persónulegrar þjónustu.

Karlar eru um 57% sem nýta sér úrræðið, en karlar eru um 56% á vinnumarkaði. Hlutfallslega fleiri úr yngstu aldurshópunum eru að koma inn á skrá á minnkuðu starfshlutfalli en hlutur þeirra á vinnumarkaði segir til um. Þannig er um 27% á aldrinum 18-29 ára en aðeins 21% á aldrinum 40-49 ára. Hlutfall 60-69 ára er aðeins 9%.

Erlendir ríkisborgarar telja um fjórðung þeirra sem hafa sótt um úrræðið en hlutfall þeirra á atvinnuleysissskrá er rúmlega þriðjungur, þannig að hlutfall erlendra ríkisborgara er hærra á atvinnuleysissskrá en í nýja úrræðinu.

Skipting minnkaðs starfshlutfalls eftir bakgrunni



Einstaklingar í minnkuðu starfshlutfalli

Um 37% þeirra sem eru í þessu úrræði um minnkað starfshlutfall eru starfandi í flugstarfsemi, gisti- og veitingarekstri og öðrum ferðaþjónustutengdum greinum sem sýnir hve alvarleg staðan er í þeirri atvinnugrein. Um 21% hópsins starfar í verslun og flutningastarfsemi þar sem smásöluverslun vegur

Meðal starfshlutfall þeirra sem sótt hafa um úrræðið er um 93%. Rúmlega 28.000 umsækjenda eru að færa sig úr 100% starfshlutfalli en um 5.000 að lækka við sig hlutastarf. Flestir eru að fara niður í 25% starf eða um 20.500 umsækjendur, um 7.500 í 50% starf, en aðrir dreifast mjög víða frá 30% og upp í 80% starf.

Meðalbótahlutfall þeirra sem sótt hafa um úrræðið er tæp 60%, hæst í gistiþjónustu og ýmis konar ferðatengdri starfsemi en lægst í iðnaði og sérfræðiþjónustu.

Úr minnkuðu starfshlutfalli; Aftur í fullt starf eða að missa vinnu alfarið


Þeir sem eru að fara úr hlutabótunum og aftur í sitt fyrra starfshlutfall eru starfandi í ýmis konar þjónustu sem snýr beint að einstaklingum s.s. sjúkraþjálfun, hárgreiðsla og tannlækningar, en einnig í ýmsum tegundum verslunar, ýmis konar sérfræði- og þjónustustarfsemi, hjá íþróttafélögum og víðar.

Í ferðaþjónustutengdum greinum og sumum tegundum verslunar og annarrar þjónustu er fólk þó í flestum tilvikum að missa vinnuna að fullu og fara af hlutabótaleiðinni af þeim sökum. Það veldur tímabundinni lækkun atvinnuleysis í maí en gera má ráð fyrir að þeir eintaklingar muni koma að einhverju marki inn í almennt atvinnuleysi þegar líður á sumarið.

Fyrirtækin sem nýta sér minnkað starfshlutfall

Alls voru um 6.320 fyrirtæki sem nýttu sér þetta úrræði um minnkað starfshlutfall í apríl. Nokkur stór fyrirtæki eru þar áberandi og eru 13 fyrirtæki með meira en 150 starfsmenn hvert í minnkuðu starfshlutfalli. Samtals eru þau með um 14% af öllum þeim einstaklingum sem nýta sér úrræðið. Átta af þessum 13 fyrirtækjum eru í ferðaþjónustutengdri starfsemi, 4 eru í verslun og 1 í iðnaði.

Skipting minnkaðs starfshlutfalls á atvinnugreinar



Langflest fyrirtækjanna eru að setja 1 til 3 starfsmenn í minnkað starfshlutfall, eða 4600, sem gerir um 73% allra fyrirtækjanna sem eru að nýta þetta úrræði.

Á meðfylgjandi mynd má sjá hvernig þau fyrirtæki sem nýta sér úrræðið dreifast á atvinnugreinar, en dreifingin er nokkuð jöfn og nokkuð ólík dreifingu launþega. Þannig eru aðeins 21% fyrirtækjanna úr ferðaþjónustutengdum greinum á meðan um 37% launþega kom úr greininni.

Almennari atvinnuleitendur

Greining þeirra sem voru atvinnulausir í lok mánaðar

Hefðbundnir atvinnuleitendur þ.e. þeir sem ekki voru með minnkað starfshlutfall voru 16.443, 9.180 karlar og 7.263 konur. Hefðbundið atvinnuleysi, þ.e. án minnkaðs starfshlutfalls var 7,5%.

Alls voru 2.256 hefðbundnir atvinnuleitendur á aldrinum 18-24 ára án atvinnu í lok apríl í ár sem samsvarar um 7,4% skráðu atvinnuleysi. Atvinnulausum ungmönnum hefur fjölgað um 953 frá apríl 2019 þegar fjöldi atvinnulausra á þessu aldrarsbili var 860. Hins vegar fjölgaði þeim um 431 frá mars s.l.

Fjölgun hefðbundinna atvinnuleitenda eftir aldri frá mars var mest meðal yngsta aldurshópsins 18 til 24 ára eða um 24%. Fjölgun hefðbundinna atvinnuleitenda var tæp 16% í aldurshópnum 30 til 59 ára, en um 12% hjá 60 til 69 ára.

Lengd á skrá

Alls höfðu 2.393 hefðbundnir atvinnuleitendur verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok apríl s.l. en 1.225 í apríllök 2019. Hefur þeim því fjölgað um 1.168 milli ára. Þar sem um gríðarlega aukningu nýskráðra atvinnuleitenda er að ræða er hlutfall langtímatvinnulausra 14,5% í apríl 2020 samanborið við um 16,9% í apríl 2019.


Atvinnugreinar og starfsstéttir

Atvinnulausum fjölgaði í öllum atvinnugreinum í apríl 2020 frá apríl 2019. Mesta fjölgunin meðal hefðbundinna atvinnuleitenda var í þjónustugreinum s.s. persónulegri þjónustu, starfsemi félaga og menningarstarfi, í flugstarfsemi og í mannvirkjagerð.

Einnig er mikil fjölgun í veitingaþjónustu og gistiþjónustu. Minnsta fjölgun atvinnulausra var í sjávarútvegi, iðnaði, upplýsingatækni og fjarskiptum og ýmiskonar sérhæfðri þjónustu. Að því er varðar fjölda atvinnulausra eftir starfsstéttum þá fjölgaði atvinnulausum mest meðal vélafólks, iðnaðarmanna, sérfræðinga og skrifstofufólks milli ára.


Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 5.706 erlendir ríkisborgarar hefðbundnir atvinnuleitendur (án minnkaðs starfshlutfalls) án atvinnu í lok apríl. Þessi fjöldi samsvarar um 16% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara. Þetta er yfir tvöföldun atvinnuleysis meðal hefðbundinna erlendra atvinnuleitenda frá apríl 2019 þegar fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara var 2.499.



Flestir erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysisrá komu frá Póllandi eða 2.906, sem er um 51% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisrá. Því næst koma Litháar og Lettar en færri af öðrum þjóðernum.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni í lok apríl 2020




Hópuppsagnir í mars og apríl

Yfir 5.800 manns sagt upp í hópuppsögnum hjá 85 fyrirtækjum


Alls bárust 56 tilkynningar um hópuppsagnir Vinnumálastofnun í apríl þar sem 4.643 starfsmönnum var sagt upp störfum. Bætist það ofan á hópuppsagnir marsmánaðar þar sem 29 fyrirtæki sögðu upp 1.207 manns. Stærsta einstaka hópuppsögn aprílmánaðar er frá Icelandair þar sem 2.140 manns var sagt upp. Aðrar uppsagnir eru nánast allar í ferðatengdri þjónustu; 1.168 eru í gistiþjónustu, 883 í ýmiss konar ferðaþjónustu, 239 í verslun aðallega tengdri ferðaþjónustu, 100 í veitingaþjónustu, 25 í ýmiss konar lista- og menningarstarfsemi og 15 í fiskvinnslu.

Hópuppsagnir í apríl eftir atvinnugreinum



Flestir þeirra sem sagt var upp nú í apríl eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu (64%) og á Suðurnesjum (27%), einnig eru allmargir búsettir á Suðurlandi (um 6%) en færri annars staðar.

Hópuppsagnir í apríl - skipt á landsvæði



Uppsagnarfrestur þeirra sem sagt var upp í hópuppsögnum í apríl er í flestum tilvikum 3 mánuðir og áætlað Vinnumálastofnun að þann 1. ágúst muni nálægt 3.800 manns af þeim sem sagt var upp í apríl ljúka sínum uppsagnarfresti. Flestir hinna eiga styttri uppsagnarfrest og missa því vinnuna í júní og júlí, en einhverjir eiga lengri uppsagnarfrest.

Í einhverjum tilvikum má gera ráð fyrir að fólk verði endurráðið áður en ráðningarsambandi lýkur, einhverjir munu trúlega hafa fundið sér vinnu, hyggja á nám eða koma ekki inn á atvinnuleysissskrá af öðrum ástæðum. Ekki er hægt að gera ráð fyrir miklum flutningum fólks af landi brott líkt og átti sér stað 2008 sem eykur líkur á að þessi hópur muni nýta sér atvinnuleysis-tryggingakerfið þegar líður á sumarið.

Ef allir þeir sem sagt hefur verið upp með hópuppsögnum í mars og apríl kæmu inn á atvinnuleysissskrá myndu þeir hækka atvinnuleysi um nálægt 2,8%. Ljóst er þó að það mun ekki gerast, en hafa verður í huga að til viðbótar við þá sem sagt er upp með hópuppsögnum hafa fjölmörg smærri fyrirtæki, einkum í ferðaþjónustu, sagt upp starfsfólki eða eru með uppsagnir í undirbúningi, en slíkar uppsagnir falla ekki undir hópuppsagnir.

Er þetta mesti fjöldi hópuppsagna sem borist hefur á svo skömmum tíma, frá því lög um hópuppsagnir tóku gildi árið 1993. Svipuð staða var í október og nóvember 2008 þegar um 75 fyrirtæki sögðu upp nærri 3.500 manns í hópuppsögnum.

Þjónusta stofnunarinnar

Næstu mánuðir í þjónustu Vinnumálastofnunar

Þörfin fyrir ráðgjöf og stuðning við þann stóra hóp sem misst hefur vinnu að hluta eða öllu leyti er mikil og fer vaxandi í ljósi þeirrar miklu óvissu sem ríkir í samfélaginu. Sem fyrsta skref í samkomubanni hefur Vinnumálastofnun brugðist við með því að leggja aukna áherslu á þjónustu í gegnum heimasíðuna með hvatningu, skýrum upplýsingum og ráðgjöf til þjónustunotenda. Uppi eru áform um að efla þjónustu sem lýtur að fjarráðgjöf og hafa ráðgjafar stofnunarinnar

verið á fjarnámskeiði um það efni gegnum Háskólann á Akureyri.

Í framhaldi af því er verið að ganga frá samningi við Kara-connect sem er viðurkennd stafræn vinnustöð fyrir sérfræðinga, en það mun gera okkur kleift að veita þjónustunotendum fjarráðgjöf í öruggu umhverfi sem verður spennandi viðbót við ráðgjafarþjónustuna.

Samhæfingarhópur um atvinnu- og menntaúrræði.

Stjórnvöld hafa sett af stað vinnu samhæfingarhóps um atvinnu- og menntaúrræði sem menntamálaráðherra og félagsmálaráðherra skipuðu 17. apríl sl.

Markmið hópsins er að blása til sóknar á íslenskum vinnumarkaði og styrkja enn frekar stoðir menntakerfsins.

Vinnuhópnum er ætlað að kortleggja og skoða:

- Í hvaða atvinnugreinum búist sé við mestu atvinnuleysi og hvernig mæta megj því með fjölbreyttu og viðeigandi námi og þjálfun.
- Í hvaða hópum sé mest þörf á vinnumarkaðs- aðgerðum.
- Hvaða námsframboð og námsþjónusta sem er í boði innan framhaldsskóla, háskóla og framhaldsfræðslu nýtist til að mæta breyttum aðstæðum á vinnumarkaði og hvernig auka megj aðgengi að kynningu og ráðgjöf um nám og störf.

Hópurinn er að skila fyrstu tillögum sem eru:

- Tillaga um sumarátak námsmanna þar sem skapa á 3400 störf hjá opinberum stofnunum og sveitarfélögum og er undirbúningur þess verkefnis kominn vel af stað. Þar býr VinnuMálastofnun af mikilli reynslu og þekkingu á sambærilegu verkefni frá fyrri tíð sem hægt er að byggja á.
- Til viðbótar við þetta er í undirbúningi tilboð um láns hæft sumarnám fyrir framhalds- og háskólanema auk þess sem atvinnuleitendum mun einnig standa til boða að nýta þessi námstilboð samhliða atvinnuleysisbótum. Mennta- og menningarmálaráðuneytið auglýsti eftir tilboðum frá framhalds- og háskólum sem verið er að vinna úr. Þegar þeirri vinnu lýkur verða þessi námstilboð kynnt námsmönnum og atvinnuleitendum.
- Samhæfingarhópurinn hefur lagt til að sumarið verði nýtt í greiningarvinnu og þá bæði greiningu á þörfum atvinnulífsins til lengri tíma og skemmri tíma og greiningu á atvinnuleitendahópnum. Á þeim grunni verði síðan tekin ákvörðun um aðgerðir og tilboð um virkni. Þessi greiningarvinna er nú að hefjast þar sem horft verður á samsetningu atvinnuleitendahópsins m.t.t. menntunar, aldurs, þjóðernis og fyrri reynslu með það að markmiði að sníða aðgerðir og tilboð að mismunandi þörfum auk þess sem horft verður á þarfir atvinnulífsins.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistödlur út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

Pdf skjöl fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi og aðrar forsendur fyrir tölum VinnuMálastofnunar um atvinnuleysi og fjölda atvinnulausra